



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

ÁBYRG FJÁRMÁLASTEFTA RÍKJA

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson flutti í morgun, miðvikudaginn 8. september, setningarræðu á sérstökum fundi sem haldinn var á alþjóðþingi Viðskipta- og þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNCTAD, en það er haldið í Xiamen í samvinnu við kínversk stjórnvöld. Fundinn sem fjallaði um ábyrga fjármálastjórn ríkja sóttu áhrifamenn í fjármálum og efnahagsmálum víða að úr veröldinni, sem og sérfræðingar í alþjóðlegum fjármálamarkaði, fulltrúar banka og fjármálafyrirtækja.

Í setningarræðunni lagði forseti áherslu á að endurskipulagning hins alþjóðlega fjármálakerfis yrði byggð á ábyrgri fjármálastefnu ríkja, samvinnu og stöðugleika. Hann varaði við þeim hættum sem mikil skuldasöfnun hefði í för með sér. Þær hefðu áður fyrr verið bundnar við þróunarríki en settu nú svip á vanda ýmissa Evrópuríkja.

Íslenska ríkið hefði ávallt staðið við allar sínar alþjóðlegu skuldbindingar og greitt að fullu þau lán sem það hefði tekið. Helstu orsakir fjármálakreppunnar á Íslandi hefðu verið bundnar við óábyrga lánastarfsemi þriggja einkabanka, einkum í öðrum löndum. Hún hefði haft í för með sér margvíslega erfiðleika fyrir íslenskt efnahagslíf, fyrirtæki og heimilin í landinu og leitt til tímabundinnar skuldasöfnunar ríkisins. Aðalatriðið væri hins vegar að hér hefði verið um að ræða einkabanka sem ekki hefðu verið á ábyrgð ríkisins.

Íslenskt efnahagslíf væri að styrkjast á nýjan leik, einkum vegna kraftmikils útflutnings sem byggði á öflugum sjávarútvegi, nýtingu

hreinnar orku, upplýsingatækni og iðnaðarframleiðslu; einnig hefði ferðaþjónustan reynst afar drjúg.

Mikilvægt væri að stjórnvöld í öllum löndum legðu nú grunn að traustri og ábyrgri fjármálastefnu, bæði einkaaðila og hins opinbera. Það ætti ekki síst við um lánadrottna sem yrðu að gaumgæfa vel hverjum þeir lánuðu, ganga úr skugga um að tryggingar væru traustar, því ábyrgðin á lánunum væri bæði hjá þeim sem tækju þau og hinum sem veittu lánin.

Í ræðunni vísaði forseti einnig til margvíslegra lærdóma sögunnar og reynslu fyrri alda, vitnaði m.a. til orða Thomasar Jefferson, þriðja forseta Bandaríkjanna, sem sagt hefði fyrir rúmum 200 árum að sparnaður væri hin fyrsta og mikilvægasta skylda lýðveldisins og opinber skuldasöfnun sú hætta sem helst bæri að varast. Bandaríkin hefðu lengst af fylgt þessari gullnu reglu en söfnuðu nú sífellt meiri skuldum og Kína væri orðinn helsti lánadrottinn þeirra.

8. september 2010

Myndir frá ráðstefnunni og ræðu forseta má finna á vef forsetaembættisins, www.forseti.is.

Fá má upplýsingar um ráðstefnuna á vefsíðu hennar: <http://www.unctad-worldinvestmentforum.org>.

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946) og Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028).